

EFTIRLITSSKÝRSLA nr 2

Sérstakt eftirlit sbr. 76. gr. laga nr. 60/2013

Dagsetning eftirlits: 2/7 – 4/7 – '19

Nafn fyrirtækis: Landsnet hf.

Framkvæmdasvæði: Kröflulína 3

Tengiliður fyrirtækis: Bjarni Jónsson

UST201910-178/10.05.04

Ábyrgðarmaður eftirlits: Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Staðsetning slóðar, eftirlit með umgengni og frágangi til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar.

Ábendingar: Skoðaðar leiðir sem VS merkti á svæði **01** næst Kröflu. Leiðirnar virðast góðar. Næst námu í Sandabotnum þar sem gróður er strjáll og þunnur ætti ekki að taka svarðlag undan slóð heldur keyra efni beint á landið. Verkið ekki hafið á þessu svæði.

Svæði 02: Skoðun línumslóðar hófst við fyrsta mastur sunnan Hringvega sem er nr. 151 á korti en hefur verið breytt í mastur 149 og verða lægri tölurnar notaðar hér. Breytt aðkomu að mastri 149 til að minnka sjónræn áhrif frá Hringvegi. Þarna ætti alls ekki að taka skeringu í hrygg þar sem brekkan er aflíðandi og ætti ekki að skera í land nema alneðst til að komast á jafnsléttu. Þar er valin leið sem hlífir gróðri. Stikuð ný slóð að möstrum 151-152. Slóð milli 152-153 færð milli mastra. Breytt aðkomu að mastri 154. Slóð færð norðan við mastur 155 til að krækja fyrir þétt víðikjarr. Annars er lagt til að fylgja slóð eins og hún er sýnd þar sem um einsleitt land er að ræða að mastri 164 (kort 166). Skoðuð leið frá mastri 174 (kort 176) ásamt Guðmundi Erni frá ÍAV.

Að horni 183 (kort 185) er slóð færð milli mastra og leitast við að halda beinni línu. Á þessum kafla eru víða vatnsrásir sem sléttu ætti með ýtu eins og gert hefur verið. Þegar um grjótdreifar er að ræða ætti að tína steina úr slóð eins og gert hefur verið hins vegar á að forðast að raða steinum með slóð. Þess í stað að henda þeim óreglulega með slóðinni. Og albest væri að stinga þeim niður til hálfss. Við horn 183 (185) er farið undir Kröflulínu 2 fast við hornstæðu og lagt til að vera sunnan við línuna frá horninu að mastri 186 í stað þess að gera hliðarslóða upp bratta brekkuna eins og kost sýnir. Þarna viðist nokkuð leysingavatn renna um brekkuna og ætti að forðast skeringar og reyna að keyra á landinu eins og kostur er. Endað við mastur 188.

Skoðaðar framkvæmdi við slóð að mastri ofan tengivirkis í Fljótsdal. Lagt er til að hnika slóð örlítið neðst til að fara hjá myðrarbletti og er það til hins betra.

Nokkuð bagalegt er að ekki skyldi verið búið að setja út möstur þegar slóð er skoðuð, þar sem möstur eru merkt þykir undirrituðum betra að áttu sig á aðstæðum.

Frávik: Engin.

Niðurstaða eftirlits: Verk einungis hafið á svæði 2.

18. október 2019, Björn Stefánsson



f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.